

# Hrunamannahreppur

## Umhverfisnefnd

*Kjörtímabilið 2022-2026*

**2. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps var haldinn þriðjudaginn 22. nóvember 2022 klukkan 17:30 í Núpstúni.**

Mætt voru Brynja Sólveig Pálsdóttir formaður, Bjarni Arnar Hjaltason og Daði Geir Samúelsson varamaður fyrir Ragnheiði Georgsdóttur. Einnig sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri.

Formaður bauð fundargesti velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu.

### Dagskrá:

**1. Breyting á hámarkshraða og almennt umferðaröryggi.**

Kynntar breytingar á hámarkshraða við innkeyrslu á Flúðir. Nefndin fagnar þessum breytingum en bendir á að gott væri að bæta lýsingu að gatnamótunum að Hrunaaflleggjara til að bæta öryggi. Einnig leggur nefndin til að skoðað verður að koma upp hraðaskiltum með broskalli/fýlukalli við innkomur inn á Flúðir. Einnig telur nefndin rétt að gera verði áttak í setja upp umferðarmerki innan Flúða meðal annars að setja upp 30 km/klst hámarkshraða skilti, en innan hverfis á Flúðum gildir sá hraði og setja upp biðskyldumerki til að fækka þeim mikla fjölda staða sem hægri réttur gildir. Nauðsynlegt er að bæta öryggi gangandi á Litlu-Laxá með að aðskilja betur umferð gangandi og akandi á brúnni.

**2. Evrópska nýtnivikan.**

Formaður kynnti erindi vegna nýtnivíku. Ræddar hugmyndir um hvað væri sniðugt að gera. Rætt um að setja upp skiptimarkað í Félagsheimilinu eða annars staðar í janúar og hvetja fólk til að gefa notuðum hlutum framhaldslíf. Einnig vill nefndin minna fólk á að nýta nytjagáminn á móttökusvæðinu á Flúðum.

BSP

### 3. Fjárhagsáætlun 2023

Aldís fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2023 fyrir umhverfis og umferðarmál. Úrgangsmálin standa orðið nokkuð vel og er að takast að ná góðum tókum á þeim málaflokki. Einnig er gert ráð fyrir að hafa fjármagn í Lækjargarðinn til viðhalds. Nefndin telur nauðsynlegt að setja kraft í viðhald á Lækjargarðinum.

### 4. Gjaldskrá

Gjaldskrá rædd og þar er lagt upp með 7% hækkunum á gjaldskrár. Nauðsynlegt er að endurskoða aukasorpjaldið í anda borgar þegar hent er og farið verði í þá vinnu sem fyrst á nýju ári. Nefndin samþykkir tillögu að gjaldskrá.

### 5. Önnur mál

- a. Kynnt bréf frá Innviðaráðuneyti vegna kynningar á hinsegin málefni.
- b. Rætt um rusladaginn og fyrirkomulag.

Fundi slitið 19:43

Brynja Sæwey Fálsgættir